

Gróðurfar við Kröflulínu 3

Guðrún Á. Jónsdóttir, Magnús Björnsson og Sigurjón G. Rúnarsson

Unnið fyrir Línuhönnun

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Gagnaöflun og úrvinnsla.....	2
Niðurstöður.....	3
Lýsing gróðurlenda.....	3
<i>Hlíðardalur – Austaraselsheiði – Sveinabraun (kort 1, 2, 9 og 10)</i>	3
<i>Melstykki – Viðidalur (kort 2 – 4 og 10 - 12)</i>	3
<i>Möðrudalur – Möðrudalsfjallgarðar (kort 4, 5, 12 og 13)</i>	4
<i>Jökuldalsheiði – Jökuldalur (kort 5, 6, 13 og 14)</i>	4
<i>Fljótsdalsheiði – Fljótsdalur (kort 6 - 8 og 14 – 16)</i>	5
<i>Námasvæði</i>	6
Tegundir.....	7
Umræða og ályktanir.....	8
Heimildir	9
Viðauki I - gróðurlykill	
Viðauki II - tegundalisti	
Kort 1-16	

Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Línuhönnunar hf. var gerð úttekt á gróðurfari á fyrirhugðu raflínustæði frá Fljótsdal til Kröflu, Kröflulínu 3 og birtast niðurstöður þeirrar úttektar í þessari skýrslu. Skýrslan byggir á vettvangsathugunum sem gerðar voru sumarið 2001 og eldri gögnum og heimildum.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir gróðurfari á línuleiðinni og á fyrirhuguðum námasvæðum. Gróðurlendi og gróðurþekja er færð á kort og tegundasamsetningu gróðurlenda er lýst gróflega. Gerð er grein fyrir sjaldgæfum eða sérstæðum gróðurlendum og tegundum.

Gagnaöflun og úrvinnsla

Vettvangsathugun fór fram á tímabilinu 9. ágúst – 21. september 2001. Línustæðið var gengið og gróðri lýst, gerð úttekt á tegundafjölbreytni og litið eftir sjaldgæfum tegundum á og við línustæðið. Þó var svæðið frá Melstykki að Jökulsá á Fjöllum ekki gengið þar sem þangað reyndist afar seinfarið og veður hamlaði vinnu þegar átti að vinna þar. Ekki var talin ástæða til að gera sérstakan leiðangur þangað þegar veður batnaði þar sem þar er að mestu ógróið skv. eldri gróðurkortlagningu (handrit í vörslu NÍ).

Staðsetning námasvæða lá ekki fyrir þegar vettvangsvinna fór fram og voru þau því ekki skoðuð sérstaklega. Flest námasvæðin eða 20 eru á sjálfu línustæðinu eða í jafri þess (kort 1- 8) og falla því innan þeirra svæða sem skoðuð voru sumarið 2001. Níu af mögulegum námasvæðum eru utan þess svæðis sem sérstaklega var gróðurskoðað vegna þessa verkefnis. Þetta eru svæði 1, 2, 4, 5, 6, 8, 11, 12 og 29 (tafla 1). Hægt var að fá upplýsingar um gróðurlendi á svæðum 1, 2, 4 og 29 af eldri gróðurkortum (Rala 1982a og 1982b, RARIK 1976) en svæði 5, 6, 8, 11 og 12 voru metin út frá loftmyndum og skýrslu Sigfinns Snorrasonar (2002).

Tegundalistar sem gerðir voru sumarið 2001 eru birtir með skýrslunni. Auk þess var leitað í gagnasafni Náttúrufræðistofunnar Íslands eftir því hvort áður hafi verið skráðar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista á eða í nágrenni við línustæðið. Umfjöllun um tegundir í þessari skýrslu er byggð á þeirri gagnasöfnun sem fram fór sumarið 2001, upplýsingum úr gagnasafni Náttúrufræðistofunnar Íslands og skýrslu Ágústar H. Bjarnasonar (1999) um flóru og gróður á leið Kröflulínu 3.

Gróðurkort sem fylgja með þessari skýrslu eru byggð á útgefnum gróðurkortum, óbirtri gróðurgreiningu í handriti frá því um 1980 og vettvangsvinnu sem unnin var sumarið 2001. Gróðurgreining (kortlagning) af Fljótsdalsheiði að Jökulsá á Dal sunnan megin og svæðinu frá Víðidal á Fjöllum og u.þ.b. að Þjóðvegi á Mývatnsöræfum var til í handriti hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrufræðistofnun vann úr þeim gögnum vegna þessa verkefnis. Til er útgefið gróðurkort af hluta Fljótsdalsheiðar þ.e. vikjunarsvæði Bessastaðarár (Rafmagnsveitur ríkisins 1976) og af svæðinu frá Þjóvegi á Mývatnsöræfum og að Kröflu (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1982a og 1982b). Sumarið 2001 var gróður kortlagður á þeim hlutum línustæðis sem ekki hafði áður verið kortlagður þ.e. frá Jökulsá á Dal og norður í Víðidal á Fjöllum.

Við vettvangsathugun 2001 unnu: Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, Berglind Steina Ingvarsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Sigurjón Gísli Rúnarsson og Skarphéðinn Þórisson.

Niðurstöður

Lýsing gróðurlenda

Hlíðardalur – Austaraselsheiði – Sveinahraun (kort 1, 2, 9 og 10)

Í Hlíðardal vestan í Halaskógsfjalli er mólendi en lítt gróið er kemur upp á hálsinn austan við dalinn. Fjalldrapi er víðast áberandi í mólendinu en einnig eru beitleyng, krækilyng, sortulyng, bláberjalyng og aðalbláberjalyng algengar tegundir og mikið er um holtasóley. Í brekkunni móti vestri eru einnig birkihrislar og talsverður blómgróður. Þegar kemur austar, uppá hálsinn eru sandar og melar ráðandi. Þar skiptast á sandar með stógrýtis hnellingum, melar, hraunklappir og litlar móatorfur. Gróðurþekja á melum og söndum er lítil og sums staðar engin. Það eru einkum grös svo sem túnvingull og sveifgrös og ýmsar algengar berangurs blómplöntur sem vaxa þar en afar gisið.

Austan við há hæðina taka við lítt grónir melar og sandar en einnig eru þar spildur með vel grónum lyngbrekkum og er þar talsvert um einir. Austar og neðar í brekkunni eru melar og sandbreiður með túnvingli og vallarsveifgrasi og á kafla er mikið um rofabörð með nokkuð þykkum jarðvegi. Gróður verður samfelldari aftur þegar austar kemur á Austaraselsheiðina. Gróður á rofabörðum er einkum grasmói en einnig lyng- eða fjalldrapamói. Á Austaraselsheiði er fjalldrapi mjög áberandi tegund en krækilyng er einnig áberandi, einkum á hryggjum og börðum en gulvíðir í dældum. Grámulla er víða áberandi í mounum á Austaraselsheiði en hún vex einkum á svæðum þar sem snjór liggur samfelld að vetri.

Nokkuð samfelldur móagróður er áfram á línustæðinu frá Austaraselsheiði og allar götur að Sveinahrauni. Í þessum mounum er fjalldrapi áberandi en einnig er mikið um krækilyng og holtasóley. Mikið er um gulvíði á köflum í þessum mounum bæði á Austaraselsheiði og í Sveinahrauni. Þetta gefur mounum þarna ljósgrænt yfirbragð og gerir þá óvenju litríka á haustin. Nokkru austan við Vegasveina eru blettir af graslendi og mosagróðri. Víða er talsvert um fléttugróður í mounum, einkum fjallagrös og var það sérstaklega áberandi suður af Vestara Hrauntagli.

Gróðurþekja er á mestum hluta svæðisins frá Kröflu að Melstykki nema á talsverðum kafla sunnan við Halaskógsfjall og Jörundargrjót. Gróður þekur um 2/3 yfirborðs á mestum hluta þessarar leiðar en þó eru þar kaflar með 100 % gróðurþekju og aðrir þar sem gróður þekur einungis 1/2 – 1/3 yfirborðs (kort 9 og 10).

Melstykki – Víðidalur (kort 2 – 4 og 10 - 12)

Við Móa norðvestur af Melstykki er móagróður ríkjandi. Þar eru holtasóley, fjalldrapi, krækilyng og fleiri móategundir mest áberandi. Þar er einnig nokkurt graslendi og þursaskeggsmói á kafla.

Melstykki er að mestu ógróið hraun eða með mjög strjálum gróðri. Við Fjallgjá er graslendi og einnig við Helluholt en þar er melgresi áberandi. Nánast gróðurlaust hraun heldur áfram suðaustur yfir Glæður en suðvestan við Ferjuás taka melar við af hrauni. Við Jökulsá á Fjöllum er hraun á smá kafla og fremur litlar ógrónar áreyrar.

Austan Jöklsár halda ógrónir eða lítt grónir melar áfram til austurs allt að Rauðanúpslind en þar eru gróðurtorfur með melgresi, þursaskeggi, hélumosa og nokkrum fleiri tegundum og örlítið deiglendi.

Við Skarðsá sunnan við Núpskot er deiglendi og nokkur mosagróður, síðan eru áframhaldandi lítt eða ógrónir melar allt að gili sem er undir Rauðanúpi. Það er smá gróðurlendi, graslendi, einkum melgresi, deiglendi og stöku grávíðitorfur. Í brekkunni undir Klettstindi að vestan er þó gróskumikill gróður. Þar eru birkirunnar og all gróskumikill víðir en á milli er blómstóð með tegundum eins og blágresi og sóley. Talsverðar uppsprettur eru á svæðinu.

Á svæðinu frá Rauðanúpi að Víðidalsá eru melar að mestu ógrónir en stöku gróðurblettir sáust, einkum í dældum. Þar sáust helst tegundir eins og túnvingull, lambgras, melgresi og vallhumall.

Í brekkum vestan Víðidalsár og á eyrum við ána eru nokkrar gróðurtorfur. Þar er gisið graslendi og ýmsar blómplöntur sem einkenna bersvæði. Helstu tegundir þarna eru melgresi og túnvingull, einnig var lambgras mjög áberandi. Vestan í fjallgarðinum við Sauðaskarð eru melar og sandar. Gróðurþekja er lítil en í dældum má þó finna gisinn gróður og eru það einkum grastegundir og víðir sem þar vaxa.

Á línuleiðinni frá Melstykki og austur í Sauðaskarð er gróðurþekja mjög lítil eða víðast undir 10%. Einungis eru litlar gróðurvinjar þar sem þekja gróðurs er meiri (kort 10 - 12).

Möðrudalur – Möðrudalsfjallgarðar (kort 4, 5, 12 og 13)

Austan við Sauðaskarð eru melar og sandar en dálítil gróður er þó við Skarðsá. Þar er deiglendi með hrossanál, störum og víði. Skammt austan við þjóðveginn fer línustæðið yfir svolítið votlendi og graslendisræmur með grá- og loðvíðisbrúskum á víð og dreif. Litlar tjarnir og pyttir eru á svæðinu og votlendi eða deiglendi í kring. Þar er hrossnál áberandi ásamt störum. Við Selá eru graslendisræmur og víðimóar. Á milli eru lítt eða ógrónir melar.

Við Mið- og Fremstukerlingu er nokkur gróður og er það aðallega gisið mó- og graslendi. Melar með blettum af mólendi eru síðan á línuleiðinni að Dyngju og suðaustan við Dyngju eru litlir gróðurblettir. Þar er aðallega gisið graslendi, ásamt ýmsum blómplöntum sem einkenna bersvæði.

Austur yfir vestari Möðrudalsfjallgarð, Geitasand og eystri Möðrudalsfjallgarð eru lítt eða ógrónir melar og sandar. Austan í eystri fjallgarðinum eru skellur af mosagróðri og smáblettir af graslendi.

Gróðurþekja á línuleiðinni frá Sauðaskarði að Kollseyru er mjög lítil og víðast um eða undir 10 % nema á afmörkuðum gróðurvinjum (kort 12 og 13).

Jökuldalsheiði – Jökuldalur (kort 5, 6, 13 og 14)

Við Kollseyru (Lindará) er lítið deiglendi með hrossanál og gisnir gras- og víðimóar. Á svæðinu frá Kollseyru að Gestreiðarstaðakvísl eru aðallega gisnir víðimóar. Við Gestreiðarstaðakvísl eru smá blettir af mó- og grasendi en austar taka við melar og sandar með smá graslendisblettum. Við Langahrygg, bæði norðvestan og suðaustan í hryggnum, eru víði- og lyngmóar en síðan melar með gisnum víðimóagróðri á svæðinu að Þrívörðuhálsi. Í brekkum vestan í Þrívörðuhálsi eru víðimóatorfur og á milli skorningar með gisnu graslendi í botninum.

Austan við Bjallkolla, þar sem línuleiðin liggur nánast í suður, eru víðimóar á töluverðum kafla norðan (vestan) við Botnalæk. Mýrlendi er sunnan (austan) við Botnalækinn á kafla en síðan taka aftur við skornir víðimóar þar sem gisið graslendi er í botni skorninganna. Sunnan við Stóra Svalbarð eru melar en smá víðiflákar austan í Litla Svalbarði. Í Víðidalnum er nokkurt votlendi og lyngmóar en síðan taka aftur við melar á sunnanverðum Búðarhálsi.

Í Hákonarstaðaflóa er votlendi, bæði mýrar og flóar. Þar skiptast á flóar með tjarnastör og ræmur af þýfðri mýri með mýrastör og víði. Hengistör er algeng í blautari hlutum votlendisins, einkum í kringum tjarnarstararflákana. Eining eru víða skellur af klóffu í blautari svæðum votlendisins. Í mýrum þar sem víðir er áberandi er smáþýft og aðrar tegundir en víðir eru t.d. mýrastör, klóffu og kornsúra.

Hákonarstaðaflói er eins og nafnið bendir til blautur flói. Þó eru holt með móagróðri hér og þar í flóanum. Þar eru fjallgrös áberandi ásamt rjúpnalaufi. Talsvert rof er í þúfnakollum á þessum holtum. Einnig eru dálitlir melkollar, einkum á svæðinu við Kringilsá. Þar er gróður gisnari og eru það einkum tegundir eins og blásveifgras, krækilyng, túnvingull, holtasóley og blóðberg sem eru algengar.

Fyrir austan Kringilsá er melalda með móagróðri utan í, síðan taka við mýrar með rústum. Ofan við brún dalsins er votlendi þar sem skiptast á tjarnarstararflói og þurrari spildur þar sem vex elfting, stinnastör og grávíðir. Mikið er um móastör og dvergstör á þurrum holtum. Rústir, flestar gamlar og vel grónar móagróðri, eru neðan til í Hákonarstaðaflóa.

Þegar landi fer að halla niður í Jökuldal verður fjalldrapi og bláberjalyng meira áberandi í móum og mýrum heldur en uppi á heiðinni. Í hlíðum Jökuldals að norðan skiptast á fjalldrapa- og lyngmóar, gras- og þursaskeggsmóar og mýrasund þar sem mýrelfting og mýrastör eru áberandi ásamt fífu. Niðri í dalbotninum eru aðallega þursaskeggsmóar, graslendi og tún.

Sunnan (austan) Jökulsár er graslendi neðst í dalbotninum og að hluta til tún. Síðan taka við þurrar brekkur þar sem þursaskegg er ríkjandi tegund en aðrar algengar tegundir eru krækilyng og stinnastör. Ofar í brekkunum skiptast á votlendi með mýrastör/ stinnastör og fjalldrapa eða klóffu og þurrari brekkur með stinnastör og þursaskeggi.

Á svæðinu frá Kollseyru að Víðidal er gróðurþekja yfirleitt lítil og skiptast þar á lítt eða ógrónir sandar og móar þar sem gróðurþekja er að meðaltali 1/3 yfirborðs. Þó er gróðurþekja heldur meiri á svæðinu milli Þrívörðuháls og Bjallkollu. Á svæðinu frá Víðidal austur yfir Hákonarstaðaflóa og Jökuldal er gróðurþekja víðast meira en 2/3 af yfirborði lands. Þó eru ásar og hryggir við Búðarháls og Þórfell minna grónir (kort 13 og 14).

Fljótsdalsheiði – Fljótsdalur (kort 6 - 8 og 14 – 16)

Efst í brekkum Jökuldals og uppi á brún dalsins eru holtasóleyjarmóar á milli votlendari svæða. Frá dalsbrún að Stóralæk eru melar og móar þar sem krækilyng, holtasóley og stinnastör eru mest áberandi en á milli eru votlendisræmur með mýrastör, hengistör og klóffu ásamt fleiri tegundum. Frá Stóralæk að Sandskeiðiskil er votlendi ríkjandi en á milli eru þó þurrari ræmur af stinnastarar- og grasvíðimóum. Votlendið er ýmist flóar eða mýrar þar sem mýrastör/stinnastör, hengistör, víðir og klóffu eru aðal tegundirnar.

Frá Sandskeiðiskíl að Grenisöldu skiptast á stinnastarmóar og votlendi. Votlendið er ýmist mýrarstar- og hengistarmýrar eða klófífluóar. Austan í Grenisöldu eru móar með mosagróðri, lyngi, einkum krækilyngi, og víði. Frá Grenisöldu að Teigsbjargi skiptist á votlendi og móar. Votlendi einkennast af mýrastör/stinnastör, klófífu eða tjarnastör. Í móum er stinnastör áberandi, einnig holtasóley og ýmsar aðrar berangurstegundir. Norðan við Teigsbjarg eru móar með mosa, stinnastör og lyngi. Lyngmóar eru efst í brekkum í hlíðum Fljótsdals en neðar í brekkunum eru þursaskeggs- og grasmóar mest áberandi.

Gróðurþekja er nokkuð samfelld á línustæðinu frá Jökuldal yfir Fljótsdalsheiði og niður í Fljótsdal. Víða er gróðurþekja 100 % en á milli eru ræmur þar sem gróður er nokkuð gisnari en gróðurþekja er þó yfirleitt um eða yfir 50 % (kort 14 –16).

Námasvæði

Tafla 1. Staðsetning námasvæða og gróðurlendi á hverju svæði. Númer námasvæða skv. lýsingu Sigfinns Snorrasonar 2002 (SS 2002).

Náma, staðsetning	Gróðurlendi (heimild)	Athugasemd (heimild)
1. Vestan í Sandbotnafjalli	Fjalldrapamói, raskað (RALA 1982a)	Opin náma (SS 2002)
2. Austur af Sandfelli	Ógróið, graslendi og mólendi (RALA 1982b)	Opin náma við þjóðveg (SS 2002)
3. Norður af Sandfelli	Ógróið (kort 1)	
4. Nálægt Klaustri	Mólendi (RALA 1982b)	Gömul náma við þjóðveg (SS 2002)
5. Nálægt Vegasveinum	Hefur verið sáð í gamalt rask (SS 2002)	Gömul náma við þjóðveg (SS 2002)
6. Nálægt Móum, Melstykki	Ógróið (loftmynd, mynd í SS 2002)	
7. Helluholt, Fjallgjá	Ógróið og graslendi (kort 3)	Í sandi (SS 2002)
8. Norðan í Glæðuási	Ógróið (loftmynd)	
9. Sunnan við Ferjuás	Ógróið (kort 3)	
10. Við Núpskot	Lítið gróið (loftmynd, kort 3)	
11. Við Klettslindir	Ógróið, móagróður(loftmynd, vettvangsathuganir 2001)	Fallegur gróður er við Klettslindir (vettvangsathuganir 2001)
12. Suðvestur af Rauðanúpi	Lítið gróið eða ógróið (loftmynd)	
13. Við Víðidalsá	Ógróið, graslendi (kort 4)	
14. Við Skarðsá austan Saudaskarðs	Ógróið, melur/ áreyri (kort 4)	
15. Við Selá vestur af Miðkerlingu	Ógróið, graslendi (kort 4)	
16. Nálægt Hríthóli norðvestur af Dyngju	Ógróinn melur (kort 4)	
17. Vestan við Kollseyru (Lindará)	Ógróið (kort 5)	
18. Milli Gestreiðarstaða-kvíslar og Kollseyru	Ógróið (kort 5)	
19. Norðaustan við Bjallkolla	Ógróið (loftmynd, kort 5)	
20. Við Litla Svalbarð	Ógróið (kort 6)	
21. Við Litla Svalbarð	Ógróið og víðimóar (kort 6)	
22. Sunnan við Þórfell	Melur í jaðri votlendis (kort 6)	
23. Á Jökuldal utan við Hákonarstaði	Raskað land, graslendi í kring (vettvangsathuganir 2001, kort 6)	Opin náma (SS 2002)
24. Á Jökuldal utan við Stuðlafoss	Graslendi, þursaskeggsmói, tún (vettvangsathuganir 2001, kort 6)	
25. Við Grautafloa í Klausturselsheiði.	Grasvíðimói og melur (kort 7)	
26. Nálægt Miðheiðarhálsi	Grasvíðimói (kort 7)	
27. Við Sandskeiðskíl	Ógróið, grasvíði- og stinnastarmói (kort 7)	
28. Við Lambakíl norður af Grenisöldu	Grasvíðimói, votlendi (kort 8)	
29. Vestur af Þverfelli	Raskað, stinnastarmói í kring (kort 8, RARK 1976, SS 2002)	Gömul náma (SS 2002)

Flest námasvæðin eru á lítið grónu eða ógrónu landi (tafla 1). Þar sem er gróður, er það yfirleitt mólendi eða graslendi, og víðast gisið, eða þekur einungis hluta námasvæðis. Eitt svæði (nr. 28) virðist vera í jafri votlendis. Námasvæði 1, 2, 4, 5, 23 og 29 eru á gömlum námavinnslusvæðum og gróðurlendi þar því þegar röskuð (tafla 1).

Tegundir

Alls fundust tæpar 160 tegundir háplantna á og við línustæðið við vettvangsathugun 2001 (Viðauki 1, tegundalisti). Reikna má með að tegundir séu eitthvað fleiri á og við línustæðið þar sem ógerlegt er að gera tæmandi tegundaskráningu í slíkri yfirlits athugun sem hér um ræðir. Ekki var gerð skrá yfir tegundir mosa, fléttna og sveppa en þess er getið í texta ef gróðurlendi voru áberandi flétturík. Ekki verður séð af upplýsingum um útbreiðslu válistategunda að fléttu eða mosategundir sem settar hafa verið á válista hafi áður verið skráðar á þeim svæðum sem línustæðið eða námsvæði koma til með að raska. Þess ber þó að geta að mikið af þeim svæðum sem Kröflulína 3 liggur um eru ekki vel könnuð með t.t. útbreiðslu þessara hópa plantna.

Ekki fundust við vettvangsathugun háplöntutegundir á válista eða tegundir sem hafa verið friðlýstar skv. náttúruverndarlögum. Nokkrar þeirra tegunda sem fundust á eða við línustæðið teljast þó fremur sjaldgæfar. Þessar tegundir eru:

- Hvítstör sem fannst við Skarðsá. Hvítstör er allvíða til fjalla norðanlands þótt annars sé hún fremur sjaldgæf.
- Lensutungljurt sem fannst á Fljótsdalsheiði. Hún telst fremur sjaldgæf tegund en hefur þó fundist hér og hvar í öllum landshlutum.
- Bláklukka sem fannst í Fljótsdal. Bláklukka er algeng á Austurlandi en annars staðar á landinu er hún sjaldgæf.
- Dvergstör fannst all víða á línustæðinu. Hún er algeng um norðaustanvert landið en annars sjaldgæf.
- Móastör fannst á nokkuð mörgum stöðum á línustæðinu. Hún er algeng inn til landsins en sjaldgæf í útsveitum.
- Litunarjafni fannst á sunnanverðri Fljótsdalsheiði. Litunarjafni finnst aðeins á snjóþungum svæðum.
- Mariúvendlingur fannst víða á línustæðinu. Hann er víða í innsveitum norðan til á landinu en annars sjaldgæfur.
- Blástjarna fannst víða á línustæðinu. Hún er nokkuð víða á norðan- og austanverðu landinu en annars sjaldgæf.
- Móanóra fannst á börðum við Hákonarstaðaflóa. Hún er óvíða nema til fjalla á Norður- og Norðausturlandi.
- Grænlilja fannst á Austaraselsheiði. Hún er allvíða um norðanvert landið.
- Dvergsteinbrjótur fannst við Kollseyrudal. Dvergsteinbrjótur finnst eingöngu til fjalla.

Í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ekki upplýsingar um að friðlýstar tegundir hafi áður verið skráðar á eða við línustæðið eða á námasvæðum. Hins vegar hefur verið skráð við Kröflu ein válistategund, naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*). Naðurtunga er á válista flokkuð sem tegund í nokkurri hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 1997). Auk þess má nefna 3 fremur sjaldgæfar tegundir sem hafa verið skráðar í þeim reitum sem línustæðið liggur um. Það eru: kjarrhveiti (*Elymus caninus*) sem er sjaldgæf tegund og hefur fundist í Valþjófstaðarbrekkum, fjallavorblóm (*Draba alpina*) sem hefur fundist við Kröflu og héluvorblóm (*Draba nivalis*) sem hefur fundist á Sandbotnafjalli, Jörundi og Dalafjalli og á svæðinu frá Gestreiðarstaðakvísl að Langahrygg. Þessar tegundir eru frekar sjaldgæfar

hálfjallategundir. Þótt þessara tegunda sem hér er getið yrði ekki vart við vettvangsathugun sumarið 2001 er ekki er hægt að fullyrða að þær kunni ekki að leynast nærri línustæðinu.

Umræða og ályktanir

Gróðurfar á línustæði Kröflulínu 3 er mjög mismunandi eftir því hvar á línustæðinu er skoðað. Stór hluti línuleiðar liggur um lítt eða ógróin hraun, mela og sanda en á löngum köflum liggur línustæðið einnig um vel gróið land.

Þar sem línustæðið liggur um gróið land er ýmist um að ræða þurrlandi eða votlandi. Votlandi er algengt á Fljótsdalsheiði og austanverðri Jökuldalsheiði en annars er móagróður ríkjandi á heildum þar sem gróið er. Votlandi eru bæði blautir flóar með tjarnastör, klófífu og fleiri tegundum og þurrari mýrastarar/stinnastarar eða hrísmýrar. Víði-, fjalldrapa, krækilyngs, holtasóleyjar og stinnastaramóar eru algengir á heildum en í dölunum eru einnig bláberjalyngs-, gras- og þursaskeggsmóar.

Mjög er ólíkt hversu tegundafjölbreytni er mikil eftir svæðum enda eru þau svæði sem línustæðið liggur um afar misjöfn gróðurfarslega. Flestar tegundir fundust á Jökuldalsheiði og Jökuldal enda fjölbreytni gróðurlenda þar mikil. Á Fljótsdalsheiði og í Fljótsdal fundust einnig margar tegundir en á öðrum svæðum var minni fjölbreytni. Þess ber einnig að geta að mest nákvæmni var í tegundaskráningum á þeim svæðum sem best eru gróin. Þar voru helst talda líkur á að finna fjölbreyttan eða sérstæðan gróður.

Gróðurþekja og gróska eru mismikil á línustæðinu. Á leiðinni frá Kröflu að Melstykki er land víðast vel gróið ef undan er skilið svæðið suður af Halaskógsfjalli. Melstykki er að mestu ógróið og gróðurþekja er lítil á línustæðinu allar götur austur í Víðidal á Jökuldalsheiði. Þó eru nokkrar gróðurvinjar á þessari leið. Frá Víðidal á Jökuldalsheiði og austur um Hákonarstaðaflóa, Jökuldal og Fljótsdalsheiði er landið víðast vel gróið. Gróska er talsverð og gróðurþekja nær víða 100 %. Þó eru nokkrir staðir á þessari leið þar sem gróður er gisnari.

EKKI fundust sjaldgæf eða sérstök gróðurlendi á línustæðinu eða á námasvæðum ef undan er skilin rústagróður í Hákonarstaðaflóa sem verður að teljast sérstakur þar sem rústir eru ekki algengar á íslenskum heildum. Þar sem votlandi hefur átt í vök að verjast hérlendis á undanföllum áratugum verður að telja votlandi á bæði Jökuldals- og Fljótsdalsheiði til verðmætra gróðurlenda, enda eru þessi heidalönd bæði gróskumikil og vel gróin. Fullgróið land er einnig í sjálfu sér verðmætt einkum á svæðum þar sem gróður á í vök að verjast. Það sama gildir raunar um litlar gróðurvinjar á gróðursnaudu landi. Í þessum grónu svæðum er fræuppspretta og þar eru varðveittar tegundir og vistkerfi sem henta þessum hálandis svæðum. Slíkar gróðurvinjar ætti því að umgangast eins varlega og kostur er við framkvæmdir, á sama hátt og samfelld vel gróin svæði.

EKKI er að vænta að tilvist háspennulínu hafi mikil áhrif á gróður í sjálfu sér en þó mun gróður að sjálfsögðu raskast á stæði hvers masturs. Fyrir utan að sár sem myndast við hvert mastur geta verið ljót, hefur slíkt rask væntanlega ekki varanleg áhrif á gróður nema ef um það er að ræða að mastur skerði vaxtarstað sjaldgæfrar tegundar. Það er þó ekki líklegt hér þar sem ekki fundust friðlýstar tegundir, tegundir á valista eða mjög sjaldgæfar tegundir á eða við línustæðið. Bent skal þó á að valistaegundin naðurtunga vex við Kröflu.

Óhjákvæmilega verður vegagerð og efnistaka vegna vinnu við lagningu línunnar. Slíkt getur haft einhver áhrif á gróður og valdið ljótum sárum í gróðurþekju. Varanleg slóðagerð í mýrum getur hugsanlega truflað vatnsrennsli og hjólför sem skera gróðurþekju geta

myndað vatnsrásir. Mýrarnar á Jökuldalsheiði kunna að vera viðkvæmari en á Fljótsdalsheiði m.a. vegna þess að jarðvegur er þar sendnari. Slóðir og djúp hjólför í þurrum múm einkum þar sem jarðvegur er þykkur og sendinn svo sem á Jökuldalsheiði og Austaraselsheiði getur einnig valdið rofi. Annars eru áhrif af háspennulínu og efnistöku yfirleitt miklu fremur sjónræn heldur en beint tjón á gróðurlendum.

Heimildir

- Ágúst H. Bjarnason 1999. *Flóra og gróður á Kröflulínu 3*, Vistfræðistofan. Reykjavík
- Hörður Kristinsson 1986. *Plöntubandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Landmælingar Íslands 1997. Staðfræðikort 1:50.000
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík
- Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirt. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Skoðað í nóvember 2001.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirt. Gróðurgreining gerð af RALA 1983, af Fljótsdalsheiði að Jökulsá Dal og frá Víðidal að Sveinahrauni.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) 1982a. *Gróðurkort af Íslandi. Blað 304*, Gæsavötn. Reykjavík.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) 1982b. *Gróðurkort af Íslandi. Blað 305*, Reynihlíð. Reykjavík.
- RARIK 1976. Gróðurkort af virkjunarsvæði Bessastaðaár. Kortlagt 1975.
- Sigfinnur Snorrason 2002. Óbirt. Ófullgerð skýrsla um Kröflulínu 3, jarðfræði, námur. Hluti af matsskýrslu um Kröflulínu 3. (Nóvember 2002).

Tegundalisti. Háplöntutegundir sem fundust á og nálægt línustæði Kröflulínu 3 sumarið 2001. X = tegund fannst á svæði. Svæði 1 er frá Kröflu austur yfir Sveinhraun, svæði 2 er frá Melstykki að Sauðaskarði, svæði 3 er frá Sauðaskarði að Kollseyru, svæði 4 frá Kollseyru að Jökulsá á Dal og svæði 5 frá Jökulsá á Dal að virkjun í Fljótisdal.

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Svæði				
		1	2	3	4	5
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	X				
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	X	X		X	X
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	X	X	X		X
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	X	X			
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	X	X	X	X	X
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	X				
Birki	<i>Betula pubescens</i>	X	X			X
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>	X	X		X	
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	X	X		X	X
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	X	X		X	X
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>					X
Blástjarna	<i>Lomatogonium rotatum</i>			X	X	
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	X	X	X	X	X
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	X	X		X	X
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	X	X	X	X	X
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>					X
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	X	X		X	X
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	X	X		X	X
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>		X	X	X	
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	X			X	X
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>				X	
Dvergsteinbrjótur	<i>Saxifraga tenuis</i>	X				
Dvergstör	<i>Carex glacialis</i>	X			X	X
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>	X	X	X	X	X
Einir	<i>Juniperus communis</i>	X				
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>				X	X
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>				X	X
Eyarrós	<i>Epilobium latifolium</i>		X	X	X	
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	X				
Fjalakobbi	<i>Erigeron uniflorus</i>				X	X
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>	X	X		X	X
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>				X	
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	X	X	X	X	X
Fjallanára	<i>Minuartia stricta</i>				X	
Fjallapunktur	<i>Deschampsia alpina</i>	X		X	X	X
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>	X			X	X
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>			X		X
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	X	X	X	X	X
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>					X
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	X	X	X	X	X
Fjallhæra	<i>Luzula arcuata</i>				X	X

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Svæði				
		1	2	3	4	5
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>			X	X	X
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>				X	X
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	X				
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	X	X	X	X	X
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>					X
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	X	X		X	X
Gleym-mér-ey	<i>Myosotis arvensis</i>					X
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	X	X		X	X
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>	X	X		X	X
Gráviðir	<i>Salix callicarpea</i>	X	X	X	X	X
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>	X	X	X	X	
Grænililja	<i>Orthilia secunda</i>	X				
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>				X	X
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	X			X	X
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>	X				
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	X	X	X	X	
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	X	X		X	X
Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>					X
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>	X			X	
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	X	X		X	X
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	X	X	X	X	X
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>			X		
Heiðadúnurt	<i>Epilobium bornemannii</i>		X	X	X	
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>	X			X	X
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>	X				
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	X	X	X	X	X
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	X	X		X	
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>			X	X	X
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>				X	X
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>				X	X
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	X	X	X	X	X
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>					X
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>				X	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	X	X	X	X	X
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	X				X
Hvítstör	<i>Carex bicolor</i>			X		
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	X	X		X	X
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	X	X	X	X	X
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	X	X	X	X	X
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>			X	X	X
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	X	X		X	X
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X	X	X	X
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	X	X	X	X	X
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	X	X	X	X	X
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>	X			X	
Lauksteinbrjótur	<i>Saxifraga cernua</i>				X	
Lensutungljurt	<i>Botrychium lanceolatum</i>					X


Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Svæði				
		1	2	3	4	5
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>			X		X
Litunarjafni	<i>Diphasium alpinum</i>					X
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	X	X		X	X
Ljósadúnurt	<i>Epilobium lactiflorum</i>	X				
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	X	X		X	X
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	X	X	X	X	X
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	X				X
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>			X		X
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	X	X	X	X	
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	X	X	X	X	X
Lækjafraehyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>		X		X	
Lækjasteinbrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>				X	
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	X			X	X
Mariuvendlingur	<i>Gentianella tenella</i>	X	X	X	X	
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>		X			X
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	X	X		X	X
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>	X				X
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>		X		X	
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	X			X	X
Mosalyng	<i>Cassiope hynoides</i>				X	X
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>		X		X	
Móanóra	<i>Minuartia biflora</i>	X			X	
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	X		X	X	X
Móastör	<i>Carex rupestris</i>	X			X	
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	X	X	X	X	X
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>	X				
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	X				X
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	X	X	X	X	X
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	X	X	X	X	X
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>				X	X
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>		X	X		X
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>				X	X
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	X			X	X
Reyrgresi	<i>Hierochloa odorata</i>	X			X	X
Rjúpastör	<i>Carex lachenallii</i>				X	X
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	X			X	X
Sérbýlisstör	<i>Carex dioica</i>				X	X
Skarfakál	<i>Chochlearia officinalis</i>				X	
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	X	X			
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>		X		X	
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>					X
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	X	X		X	X
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>				X	
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>	X			X	
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	X	X		X	X
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>				X	X
Snæsteinbrjótur	<i>Saxifraga nivalis</i>				X	

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Svæði				
		1	2	3	4	5
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	X	X			X
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	X		X	X	X
Stjörnusteínbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>					X
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	X	X	X	X	X
Títulíngresi	<i>Agrostis vernalis</i>	X		X	X	X
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>				X	X
Tröllastakkur	<i>Pedicularis flammea</i>				X	X
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	X	X	X	X	X
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>	X	X	X	X	X
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	X	X		X	X
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	X	X	X	X	X
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>	X				
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>	X				X
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	X	X	X	X	X
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>					X
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	X	X	X	X	X
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	X	X		X	X
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	X			X	
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	X			X	
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>		X	X	X	X
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	X	X	X	X	X
Þúfusteínbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>				X	X

Gróðurlykill

Gróðurlendi	Gróðurgerð	Ríkjandi tegund/tegundir
Mosagróður	Mosaþemba Hélumosadæld	Gamburmosi, stinnastör, grös, þursaskegg, smárunnar Hélumosi (snjómosi)
Mólendi	Lyngmói Fjalldrapamói Víðimói og kjarr Þursaskeggsmói Fléttumói Sefmói/Starmói	Kræki-/bláberja-beiti-/sortulyng/holtasóley, sauðamergur, fjalldrapi, víðir. Fjalldrapi, lyng, grös, þursaskegg, víðir. Grávíðir/loðvíðir/gulvíðir, smárunnar og grös. Þursaskegg, smárunnar, holtasóley Fjallagrös, hreindýramosi, smárunnar grábreyskingur Móasef, stinnastör/móastör, smárunnar
Graslendi	Vallendi og grasbrekkur Melgresi Grasdæld Blómgróður	Língresi/túnvingull/snarrótarpuntur/ilmreyr, starir, smárunnar, elfting. Melgresi Finnungur, ilmreyr, hállíngresi, þráðsef. Blágresi, maríustakkur, ljónslappi, grámulla
Votlendi		
- Hálfdeigja	Hálfdeigja	Starir/hálmgresi/önnur grös/hrossanál/víðir/elfting
- Mýri	Mýrastaramýri Mýrarfinningmýri Elftingamýri Runnamýri Grasmýri Hrafnafífa Bjúgstör Dý	Mýrastör eða stinnastör, hengistör, klófífa, gulstör, tjarnarstör Mýrarfinningur, mýrastör Mýrelfting, mýrastör Mýrastör, fjalldrapi, víðir, bláberjalyng Klófífa, finnungur Hrafnafífa, hálmgresi Bjúgstör Dýjahnappur (dýjamosi), lindarskart (lindarmosi)
- Flói	Gulstararflói Tjarnarstararflói Brokflói Hengistararflói Vetrarkvíðastararflói Hrafnastararflói	Gulstör, blátoppastör, hálmgresi Tjarnastör Klófífa, bláberjalyng, fjalldrapi, flóastör Hengistör Vetrarkvíðastör Hrafnastör, mýrastör, klófífa
Ræktað land	Tún	Túngrös
Ógróið (< 10% þekja)	Melur Áreyri Sandur Hraun	

Kröflulína 3. Yfirlitskort.




SKÝRINGAR:

 Kröflulína 3



















Heimildir:
Náttúrufræðistofnun Íslands, Gróðurgreining frá
Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins 1968-1990, óbirt
Gróðurkort af Íslandi, blað 305. Reynihlið
Náttúrustofa Austurlands, gróðurgreining á loftmynd í ágúst 2001

Kortagrunnur:
LMÍ, 1997, Staðfræðikort


Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 1: Hlíðardalur - Austaraselsheiði



SKÝRINGAR:

 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land	 Kröflulína 2
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi	 Kröflulína 3
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi	 Námasvæði
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi		Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 2: Melstykki




SKÝRINGAR:

 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land	 Kröflulína 2
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi	 Kröflulína 3
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi	 Námasvæði
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi		

Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 3: Jökulsá á Fjöllum




SKÝRINGAR:

 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi	 Námasvæði



















 Kröflulína 2
 Kröflulína 3

Mælikvarði: 1:50.000


Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 4: Sauðaskarð - Möðrudalsfjallgarðar



SKÝRINGAR:

 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land	 Kröflulína 2
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi	 Kröflulína 3
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi	
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi	 Námasvæði	Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 5: Jökuldalsheiði




SKÝRINGAR:

Mólendi	Mólendi/votlendi	Mólendi/graslendi	Ógróið land	Kröflulína 2
Graslendi	Graslendi/votlendi	Graslendi/mólendi	Ógróið/mólendi	Kröflulína 3
Mosagróður	Mosagróður/votlendi	Mosagróður/graslendi	Ógróið/graslendi	Námasvæði
Votlendi	Ræktað land	Mosagróður/mólendi		



















Mælikvarði: 1:50.000




Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 6: Víðidalur - Jökuldalur





















SKÝRINGAR:

 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land	 Kröflulína 2
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi	 Kröflulína 3
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi	
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi	 Námasvæði	Mælikvarði: 1:50.000


Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 7: Fljótsdalsheiði





















SKÝRINGAR:

 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land	 Kröflulína 2
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi	 Kröflulína 3
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi	
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi	 Námasvæði	Mælikvarði: 1:50.000


Kröflulína 3. Gróðurlendi. Kort 8: Fljótsdalur








SKÝRINGAR:



 Mólendi	 Mólendi/votlendi	 Mólendi/graslendi	 Ógróið land	 Kröflulína 2
 Graslendi	 Graslendi/votlendi	 Graslendi/mólendi	 Ógróið/mólendi	 Kröflulína 3
 Mosagróður	 Mosagróður/votlendi	 Mosagróður/graslendi	 Ógróið/graslendi	
 Votlendi	 Ræktað land	 Mosagróður/mólendi	 Námasvæði	Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 9: Hlíðardalur - Austaraselsheiði




SKÝRINGAR:

- | | | | |
|---|----------------------------------|---|-------------------------------|
|  | Fullgróid land, gróðurþekja >90% |  | Gróðurþekja að meðaltali 25% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 75% |  | Ógróid land, gróðurþekja <10% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 50% | | |








- | | |
|---|--------------|
|  | Kröflulína 2 |
|  | Kröflulína 3 |

Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 10: Melstykki




SKÝRINGAR:






- | | | |
|--|---|--|
|  Fullgróið land, gróðurþekja >90% |  Gróðurþekja að meðaltali 25% |  Kröflulína 2 |
|  Gróðurþekja að meðaltali 75% |  Ógróið land, gróðurþekja <10% |  Kröflulína 3 |
|  Gróðurþekja að meðaltali 50% | | |



Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 11: Jökulsá á Fjöllum




SKÝRINGAR:

- | | | | |
|---|----------------------------------|---|-------------------------------|
|  | Fullgróið land, gróðurþekja >90% |  | Gróðurþekja að meðaltali 25% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 75% |  | Ógróið land, gróðurþekja <10% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 50% | | |








- | | |
|---|--------------|
|  | Kröflulína 2 |
|  | Kröflulína 3 |

Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 12: Sauðaskarð - Möðrudalsfjallgarðar



SKÝRINGAR:






- | | | |
|--|---|--|
|  Fullgróið land, gróðurþekja >90% |  Gróðurþekja að meðaltali 25% |  Kröflulína 2 |
|  Gróðurþekja að meðaltali 75% |  Ógróið land, gróðurþekja <10% |  Kröflulína 3 |
|  Gróðurþekja að meðaltali 50% | | |



Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 13: Jökuldalsheiði




SKÝRINGAR:

- | | | | |
|---|----------------------------------|---|-------------------------------|
|  | Fullgróið land, gróðurþekja >90% |  | Gróðurþekja að meðaltali 25% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 75% |  | Ógróið land, gróðurþekja <10% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 50% | | |






- | | |
|---|--------------|
|  | Kröflulína 2 |
|  | Kröflulína 3 |



Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 14: Víðidalur - Jökuldalur




SKÝRINGAR:

- | | | | |
|---|----------------------------------|---|-------------------------------|
|  | Fullgróid land, gróðurþekja >90% |  | Gróðurþekja að meðaltali 25% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 75% |  | Ógróid land, gróðurþekja <10% |
|  | Gróðurþekja að meðaltali 50% | | |






- | | |
|---|--------------|
|  | Kröflulína 2 |
|  | Kröflulína 3 |



Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurþekja. Kort 15: Fljótsdalsheiði




SKÝRINGAR:

- | | |
|--|---|
|  Fullgróið land, gróðurþekja >90% |  Gróðurþekja að meðaltali 25% |
|  Gróðurþekja að meðaltali 75% |  Ógróið land, gróðurþekja <10% |
|  Gróðurþekja að meðaltali 50% | |








- | |
|--|
|  Kröflulína 2 |
|  Kröflulína 3 |

Mælikvarði: 1:50.000

Kröflulína 3. Gróðurpekja. Kort 16: Fljótsdalur



SKÝRINGAR:

- | | | |
|--|---|--|
|  Fullgróið land, gróðurpekja >90% |  Gróðurpekja að meðaltali 25% |  Kröflulína 2 |
|  Gróðurpekja að meðaltali 75% |  Ógróið land, gróðurpekja <10% |  Kröflulína 3 |
|  Gróðurpekja að meðaltali 50% | | |

Mælikvarði: 1:50.000

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími 477-1774 Fax 477-1923 Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 700 Egilsstaðir Sími 471-2813 Netfang na@na.is